

## FUNDARGERÐ

240. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 30. mars 2022 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Mörður Áslaugarson, Guðlaugur G. Sverrisson, Mörður Árnason, Ragnheiður Árnadóttir og Brynjólfur Stefánsson. Marta Guðrún Jóhannesdóttir sat fundinn í fjarveru Jóns Ólafssonar. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir staðgengill útvarpsstjóra sem ritaði einnig fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerðir 238. og 239. stjórnarfundar voru lagðar fram og samþykktar.

### 2. Fjármál

#### a. Uppgið febrúarmánaðar

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í febrúar. Í mánuðinum var 54 m.kr. tap á rekstri félagsins en áætlun hafði gert ráð fyrir 46 m.kr. tapi. Tekjur voru 10 m.kr. umfram áætlun en gjöld og afskriftir um 20 m.kr. umfram áætlun. Helstu skýringar séu mikil veikindi vegna Covid-19 og viðhald á Útvarpshúsini. Eftir fyrstu tvo mánuði ársins var afkoma RÚV 17,7 m.kr. betri en áætlun.

#### b. Tölulegar upplýsingar fyrir stjórn

Þá var farið yfir stöðu eignfærðra sýningarréttta, sem nú séu umfram samþykkt birgðaþök. Þetta sé aðallega vegna kaupa á sýningarréttum vegna íþróttastórmóta sem koma til sýninga á næstu árum. RÚV mun samkvæmt nágildandi þjónustusamningi greiða sjálfstæðum framleiðendum a.m.k. 585 m.kr. eða 12% af áætluðu innheimtu útvarpsgjaldi. Á fyrstu tveim mánuðum ársins var keypt fyrir 53,3 m.kr.

Á fyrstu tveim mánuðum ársins var fjárfest í rekstrarfjármunum fyrir 84,7 m.kr. en fjárfestingaáætlun ársins sé 499 m.kr.

Farið var yfir þróun fjölda starfsmanna og greiðslur til verktaka. Stöðugildi í lok febrúar voru 247,6 og hafi þeim fækkað um 30 stöðugildi á undanförnum tveim árum.

### 3. Tillaga að breyttum viðmiðum um eignfærða sýningarrétti

Lögð var fram eftirfarandi tillaga um breytingu á birgðaþökum:

- Birgðaþak á sýningarréttum öðrum en íþrótttaefni verði 1.200 m.kr.
- Þróunarkostnaður verði að hámarki 10% af birgðaþaki.
- Sýningarréttir vegna íþróttar verði fyrir utan þök.

Tillagan um þak á sýningarrétti vegna annars efnis en íþrótttaefnis var samþykkt af stjórn. Stjórn óskaði eftir að lögð yrði fram ný tillaga um nánara utanumhald á sýningarréttum í íþróttum á stjórnarfundi í vor.

### 4. Minnisblað Útvarpsstjóra

Staðgengill útvarpsstjóra fór yfir helstu atriði í starfsemi RÚV síðastliðinn mánuð. Hugmyndadagar hafi farið fram dagana 23.-24. mars sl. í níunda sinn og bárust 200 umsóknir. Sjónvarpsviðburðurinn Söngvakeppnin var einstaklega vel heppnaður í ár og sannkölluð Söngvakeppnishöll varð til í Gufunesi. Með hækkandi sólí flutningi systranna Sigríðar, Elísabetar og Elínar Eyþórsdætra, verði framlag Íslands í Eurovision þetta árið.

Systurstöð RÚV í Finnlandi YLE sé búið að bjóða starfsfólki RÚV í heimsókn í haust. Um sé að ræða fræðsluferð fyrir starfsfólk sem verði öllum opin, en þó á eigin kostnað og með aðstoð styrkja. Hugmyndin hafi verið kynnt lauslega innanhúss og sé áhugi fólks mjög mikill. Þá sé líf sé að færast í húsið og Bláfjallasalurinn (matsalurinn) hafi loksins verið tekin í notkun eftir talsverðar endurbætur.

Fréttamenn RÚV fái tvær tilnefningar Þórdís Arnljótsdóttir í floknum umfjöllun ársins fyrir umfjöllun um jarðhræringar og eldgos í Fagradalsfjalli. Arnildur Hálfánardóttir í floknum Blaðamannaverðlaun ársins fyrir umfjöllun sína um loftslagsmál í útvarpsþáttunum Loftslagsdæminu.

Fyrr í vikunni hafi handbók DEI (Diversity, Equity and Inclusion) stýrihóps EBU verið gefin út og birt á heimasíðu EBU. Ánægjulegt sé að tvö verkefni frá RÚV rötuðu í handbókina, þáttaröðin Með okkar augum annars vegar og jafnlaunavottun og vinna RÚV í jafnlaunamálum hins vegar.

## 5. Reglur

### a. Siðareglur

Magrét greindi frá því að vorið 2021 skipaði útvarpsstjóri starfshóp til þess að gera tillögur að uppfærðum siðareglum RÚV. Tillögur hópsins fóru í nánari skoðun, m.a. hjá fyrri starfshópi, og komu þar fram ýmsar ábendingar, þar á meðal um form og fyrirkomulag, afdrif eldri reglna og þess fyrirkomulags sem þar er sett upp, málsmeðferð almennt í því ljósi, samspil við uppfærðar reglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim og loks aukna áherslu á samfélagslega ábyrgð.

Út frá þessum atriðum hafi verið unnin ný drög að siðareglum sem séu nú kynntar stjórn og óskað sé eftir viðbrögðum við og athugasemdum, áður en þær verði kynntar fyrir starfsfólki RÚV og óskað eftir þeirra ábendingum og athugasemdum. Form reglnanna hafi verið breytt frá nágildandi siðareglum og drögin geri ráð fyrir, líkt og aðrar reglur sem taka til starfsemi RÚV, að þær verði í heild gefnar út af útvarpsstjóra. Einnig sé lagt sé til að sérstök siðanefnd verði aflögð en mál þess í stað sett í hendur hlutaðeigandi stjórnanda. Í reglunum sé jafnframt undirstrikað að reglurnar taki til útvarpsstjóra og mælt fyrir um hvernig með það skuli fara ef mál varði útvarpsstjóra.

Á fundinum komu fram ábendingar um hvort mögulega ætti að vísa sérstaklega til Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands í siðareglunum í tengslum við mál sem varði vinnubrögð og siðræn álitamál tengt fréttum og dagskrárefni.

Í lokin var rætt um leiðir til að koma umræðu um siðferðileg gildi betur að innan RÚV og til að styðja við dagskrágerðarfólk og fréttafólk í þeirri viðleitni sinni að haga störfum sínum þannig að samræmist almennum og eðlilegum siðferðilegum viðmiðum.

### b. Ýmsar reglur skv. þjónustusamningi o.fl.

Í kjölfar endurskoðun fréttareglna og siðareglna hafi verið unnið að breytingum á ýmsum öðrum reglum sem gilda um RÚV. Sumar séu settar með stoð í lögum um Ríkisútvarpið, nr. 23/2013 og aðrar settar samkvæmt ákvæðum þjónustusamnings.

Samhliða breyttum siðareglum var lagt til á fundinum að einfalda og skýra betur reglur um meðferð athugasemda og kvartana til RÚV og lagt sé til að um þetta gildi bara einar reglur. Nú séu í gildi reglur um ábendingar í gegnum vef rúv.is og svo aðrar reglur um meðferð formlegra athugasemda. Stjórn samþykkti þessar breytingar.

Stjórn uppfærði reglur um ráðningar í ljósi þess að nágildandi reglur vitni til eldri þjónustusamnings. Stjórn ákvað að fella ekki úr gildi reglur um óhlutdrægni og taldi mikilvægt að ný stjórn ræði mögulega endurskoðun þeirra reglna á sínum vettvangi.

## 6. Undirbúningur aðalfundur RÚV

Ákveðið var að aðalfundur RÚV verði haldinn í lok aprílmánaðar og fékk Margrét umboð til þess að heyra í ritara ráðherra um hvaða dagsetning myndi henta best fyrir aðalfundinn. Stjórn ákvað að miða við að fundurinn verði haldinn í kringum 27. apríl nk. Jafnframt var ákveðið að fá Andra Árnason hæstaréttarlögmann til þess að vera fundarstjóri aðalfundar. Nokkrir stjórnarmenn greindu frá því að þeir myndu ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þar á meðal formaður stjórnar, Jóhanna Hreiðarsdóttir, sem tæki við starfiaðstoðarmanns menningar- og viðskiptaráðherra frá með 1. apríl og því myndi hún segja sig úr stjórn RÚV frá með morgundeginum og því væri þetta hennar síðasti stjórnarfundur. Ljóst sé að mikil endurnýjun verði í stjórnarhópnum í vor.

## 7. Önnur mál

### a. Starfshópar stjórnar. Húsnæðismál

Starfshópur stjórnar um húsnæðismál RÚV greindi frá því að búið væri að ganga frá samningi við Ríkharð Ottó Ríkharðsson til þess að sinna ráðgjöf um framtíðarskipulag húsnæðismála RÚV sem og fjármögnun félagsins til framtíðar. Um sé að ræða sviðsmynndagreiningu á þeim verðmætum sem felist í núverandi húsnæði og lóðaráttindum sem RÚV hafi yfirráð yfir. Einnig eigi hann að leggja mat á þá valkost sem til staðar séu til hámörkunar þeirra verðmæta sem um ræði í formi minnisblaðs til vinnunefndar stjórnar. Að auki að meta áhrif umræddra valkosta á rekstur og efnahag RÚV og aðra áhættuþætti. Tilboð barst frá tveimur öðrum aðilum en taldi starfshópur stjórnar að Ríkharð hafi verið með hagstæðasta tilboðið og jafnframt hafi verið kostur að hann hafi komið að ráðgjöf til stjórnar áður og þekki því vel til starfsemi RÚV.

Silja Þóra Gunnarsdóttir - séd  
Freiður Óskarsson - séd.  
Mádís Þ. -  
Tómas Þ. Tryggvason - séd  
Nanna Kristín Þyggvadóttir séd  
Ingarður B. Þorlaksson sét  
Jón Ólafsson